SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA

Alþingi

Alþingi
Erindi nr. þ 138/195
komudagur 23.11.2009

Nefndasvið Alþingis
Efnahags og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvammstanga 19. nóvember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki 82, mál

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra tók frumvarpið til umsagnar á fundi þann 10.nóvember 2009.

Almennt er tekið undir þau meginmarkmið sem frumvarpið felur í sér þ.e að beita skattalegum ívilnunum til örvunar fjárfestinga í nýsköpun. Við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku samfélagi er mikilvægi nýsköpunar og þróunarstarfs við sköpun nýrra atvinnutækifæra ótvírætt. Því er mikilvægt að hvetja til fjárfestinga í rannsóknar og þróunar. Hins vegar eru á frumvarpinu ákveðnir gallar sem snúa að ákvæði 5. greinar þar sem gólfið er set við 20 milljóna þróunarkostað. Einnig er gerð athugasemd við efni 6. greinar er varðar skilgreiningu á nýsköpunarfyrirtæki og þeim skilyrðum um rannsóknar og þróunarkostnað sem þar eru tilgreind. Lýsa verður efasemdum um að frumvarpið nái tilgangi sínum með því að setja gólfið um annars vegar 20 milljóna og hins vegar 40 milljóna rannsóknarkostnað á ári svo hátt. Víða á landsbyggðinni hafa verið byggð upp smærri þekkingarfyrirtæki sem nú þegar hafa sannað gildi sitt en verulegum vafa er undirorpið hvort ívilnanirnar gangist þeim sökum smæðar. Skynsamlegra væri að lækka þetta gólf þannig fleiri fyrirtæki geti fallið undir skilgreininguna um nýsköpunarfyrirtæki.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri

Höfðabraut 6 · 530 Hvammstanga · Sími: 455 2510 · Fax: 455 2509 · ssnv@ssnv.is · www.ssnv.is
Kennitala: 541292 2419 · Reikningsnúmer: 1105 26 1376